FRELSI ÁBYRGÐ VELLÍÐAN ÁRANGUR

# Samræmd próf í Garðaskóla 2017



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

Garðaskóli, haustið 2017
Ásta Sölvadóttir, verkefnastjóri
Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri

# Innihald

1. Inngangur verkefnastjóra ... 3
2. Um samræmd próf ... 3
2.1 Skólagátt ... 3
3. Framkvæmd samræmdra prófa í Garðaskóla 2017 ... 4
3.1 Stuðningsúrræði í Garðaskóla 2017 ... 5
3.2 Þátttaka í prófi og fjöldi stuðningsúrræða ... 6
3.3 Skipulag ... 7
3.3.1 Námssmiðjur og hópar ... 7
3.3.2 Vikan hjá 10. bekk ... 8
3.3.3 Vikan hjá 9. bekk ... 9
3.3.4 Vikan hjá 8. bekk ... 11
3.3.5 Vikan hjá hópi 9 ... 12
3.3.6 Vikan hjá starfsfólki ... 12
3.4 Tæknimál, tölvur og próftaka ... 14
3.5 Framkvæmdaáætlun, verkþættir og tímaplan ... 15
4. Niðurstöður samræmdra prófa í Garðaskóla ... 16
4.1 Heildaryfirlit um þátttöku og árangur nemenda ... 16
4.2 Árangur á hverju námssviði og samanburður við landið ... 17
4.3 Árangur nemenda greindur eftir kynjum ... 18
4.4 Umræða um árangur nemenda Garðaskóla ... 20
5. Umræða um framkvæmd og innihald prófanna ... 21
5.1 Innihald prófanna og tengsl þess við Aðalnámskrá og skólanámskrá ... 21
5.2 Leiðbeinandi gildi prófanna ... 24
5.3 Aðferðafræði við mat á prófunum og einkunnagjöf ... 24
5.4 Samskipti Garðaskóla og Menntamálastofnunar ... 25
Viðauki: Tölfræði um niðurstöður prófanna ... 28
Dreifing einkunna í Garðaskóla ... 28
Samanburður milli Garðaskóla og kjördæma landsins ... 29
Fjöldi nemenda með hverja einkunn ... 30
Prósentur nemenda á bak við hverja einkunn ... 30
Stærðfræði – fleiri myndir ... 31
Íslenska – fleiri myndir ... 34
Enska – fleiri myndir ... 37

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

# 1. Inngangur verkefnastjóra

Að mörgu er að hyggja þegar samræmd próf eru skipulögð í stórum skóla og fyrir liggur að 320 nemendur í tveimur árgöngum eigi að þreyta prófið. Jafnframt er áskorun að sjá til þess að rúmlega 170 nemendur í 8. bekk verði fyrir sem minnstu raski og fái að fylgja sinni stundaskrá á meðan. Starfsfólk Garðaskóla á hrós skilið fyrir að hafa tekist á við verkefnið af fagmennsku og sveigjanleika. Jákvætt hugarfar og öflug liðsheild starfsfólks létti skipulagsvinnuna mjög. Það var auk þess mjög hjálplegt hve margir voru duglegir að koma við á skrifstofu verkefnastjóra með ábendingar sem lutu að verkefninu. Vil ég þakka öllum kærlega fyrir aðstoðina og öll góðu ráðin. Hér sannaðist að margar hendur vinna létt verk.

Höfundur myndar á forsíðu er  Baldur Orri Brynjólfsson 9. KFS sem teiknaði hana aftan á prófkóðann sinn.

Kær kveðja,<br>
Ásta Sölvadóttir

# 2. Um samræmd próf

Allar upplýsingar sem varða samræmd próf er að finna á vef Menntamálastofnunnar. Þar er meðal annars að finna spurningar og svör um ýmis atriði, bréf til foreldra, upplýsingar vegna tæknimála og ýmislegt annað sem þarf að hafa í huga við skipulagningu á prófum sem þessum. Sjá nánar hér að neðan.

- https://mms.is/samraemd-konnunarprof
- https://mms.is/5-profstofur-og-yfirseta
- https://mms.is/6-undirbuningur-profstofu

## 2.1 Skólagátt

Allar upplýsingar sem varða nemendur er að finna í Skólagátt sem er lokað vefsvæði hvers skóla á vef Menntamálastofnunar. Skrá þarf allar undanþágubeiðnir í Skólagáttina fyrir ákveðna dagsetningu sem gefin er út af Menntamálastofnun og síðan þarf að skrá alla nemendur í gáttina í lok prófs hvern dag og þá hvort þeir hafi mætt, verið veikir, með undanþágu eða með fjarvist í prófinu.

- https://skolagatt.is/skoli/

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

# 3. Framkvæmd samræmdra prófa í Garðaskóla 2017

Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda í 9. og 10. bekk sem þreyttu samræmd próf vorið 2017. Alls þreyttu 309 nemendur próf í íslensku, 313 nemendur þreyttu próf í ensku og 312 nemendur þreyttu próf í stærðfræði.

**Fjöldi nemenda í samræmdum prófum 2017**

| | Íslenska | enska | stærðfræði |
|---|---|---|---|
| **9. bekkur** | 157 | 160 | 160 |
| **10. bekkur** | 152 | 153 | 152 |
| **Alls** | **309** | **313** | **312** |

Í eftirfarandi töflum má sjá nánari sundurliðun á mætingu nemenda í prófin. Í töflunum má einnig sjá fjölda nemenda sem nýttu stuðningsúrræði í prófunum, en 41 nemendur í 9. bekk og 34 nemendur í 10. bekk nýttu sér stuðningsúrræðin. Í 9. bekk fengu fjórir nemendur undanþágu frá prófi í íslensku og í 10. bekk fengu fjórir nemendur undanþágu frá öllum prófunum auk þess sem einn nemandi fékk undanþágu frá íslenskuprófinu.

## 9. bekkur

| | | | | Fyrri prófdagur - íslenska og hálft enskupróf | | | Seinni prófdagur – stærðfræði og hálft enskupróf | | | Með stuðningsúrræði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **bekkur** | kk | kvk | samtals | veikir | undan-þága | Fjarverandi | veikir | undan-þága | fjarverandi | lestrar-stuðningur | lengri próftími |
| **9. EHR** | 13 | 11 | 24 | | | | | | | 5 | 2 |
| **9. GE** | 9 | 11 | 20 | | | | | | | 3 | 2 |
| **9. HÞS** | 12 | 10 | 22 | 1 | | | | | | 3 | |
| **9. IW** | 11 | 14 | 25 | 1 | 1 | | 1 | | | 6 | 2 |
| **9. KFS** | 9 | 16 | 25 | | | | 1 | | | 7 | |
| **9. KS** | 12 | 13 | 25 | 1 | 2 | 1 | 1 | | 1 | 5 | |
| **9. SSH** | 11 | 12 | 23 | | | | | | | 6 | |
| **Alls** | 77 | 87 | 164 | 3 | 3 | 1 | 3 | 0 | 1 | 35 | 6 |

## 10. bekkur

| | | | | Fyrri prófdagur - íslenska og hálft enskupróf | | | Seinni prófdagur - stærðfræði og hálft enskupróf | | | Með stuðningsúrræði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **bekkur** | kk | kvk | samtals | veikir | undan-þága | Fjarverandi | veikir | undan-þága | fjarverandi | lestrar-stuðningur | lengri próftími |
| **10. EE** | 11 | 18 | 29 | | | 1 | | | 1 | 2 | 1 |
| **10. ES** | 12 | 13 | 25 | | 1 | | 1 | | | 4 | 1 |
| **10. RS** | 9 | 18 | 27 | | 1 | | | 1 | | 6 | 3 |
| **10. RT** | 17 | 12 | 29 | 1 | 1 | | 1 | 1 | | 3 | 1 |
| **10. SÁ** | 14 | 12 | 26 | 2 | | | 2 | | | 5 | 2 |
| **10. SR** | 15 | 12 | 27 | 1 | 2 | 1 | 2 | 2 | | 3 | 3 |
| **Alls** | 78 | 85 | 163 | 4 | 5 | 2 | 6 | 4 | 1 | 23 | 11 |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

## 3.1 Stuðningsúrræði í Garðaskóla 2017

Á myndinni að neðan má sjá skiptingu stuðningsúrræða milli kynja í 9. bekk. Eins og sjá má fengu 16 stúlkur og 22 drengir lestrarstuðning í prófinu. Þrjár stúlkur og þrír drengir fengu lengri próftíma í 9. bekk. Alls nýttu 41 barn stuðningsúrræði í prófunum.




Á næstu mynd má sjá skiptingu stuðningsúrræða milli kynja í 10. bekk. Eins og sjá má fengu sjö stúlkur og 16 drengir lestrarstuðning í prófinu. Fjórar stúlkur og sjö drengir fengu lengri próftíma í 10. bekk. Alls nýttu 34 barn stuðningsúrræði í prófunum.




Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## 3.2 Þátttaka í prófi og fjöldi stuðningsúrræða

Í eftirfarandi töflu má sjá að fjöldi nemenda sem nýtir sér stuðningsúrræði á samræmdum könnunarprófum í Garðaskóla er aðeins hærri hjá 9. bekk en 10. bekk.

### Samantekt á þátttöku í Garðaskóla

| | Fyrri hluti | | | Seinni hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **9. bekkur** | *Skráðir* | *Viðverandi* | *M. stuðningi* | *Skráðir* | *Viðverandi* | *M. stuðningi* |
| | 161 | 157 | 41 | 164 | 160 | 41 |
| | | 97,5% | 26,1% | | 97,6% | 25,6% |
| **10. bekkur** | *Skráðir* | *Viðverandi* | *M. stuðningi* | *Skráðir* | *Viðverandi* | *M. stuðningi* |
| | 159 | 152 | 33 | 159 | 152 | 33 |
| | | 95,6% | 21,7% | | 95,6% | 21,7% |

Í 9. bekk voru 161 nemendur skráðir í fyrri hluta prófsins og tóku samtals 157 nemendur próf, um 97,5 % árgangsins. Þar af nýttu sér 41 nemendur stuðningsúrræði með lengdum próftíma og upplestri. Það er u.þ.b. 26,1 % af þeim sem tóku prófið. Í seinni hluta voru 164 nemendur skráðir og þreyttu 160 nemendur próf, þar af 25,6% með stuðningi.

Í 10. bekk voru 158 nemendur skráðir í fyrri hluta prófsins og tóku samtals 152 nemendur próf, um 95,6 % árgangsins. Þar af nýttu sér 33 nemendur stuðningsúrræði með lengdum próftíma og upplestri. Það er u.þ.b. 21,7 % af þeim sem tóku prófið. Í seinni hluta voru 159 nemendur skráðir og þreyttu 152 nemendur próf, þar af 21,7% með stuðningi.

### Samantekt Mennamálastofnunar á þátttöku á landsvísu

| | Fyrri hluti | | | Seinni hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **9. bekkur** | *Skráðir* | *Viðverandi* | *M. stuðningi* | *Skráðir* | *Viðverandi* | *M. stuðningi* |
| | 4.141 | 3.747 | 1.156 | 4.118 | 3.716 | 1.135 |
| | | 90,5% | 30,9% | | 90,2% | 30,5% |
| **10. bekkur** | *Skráðir* | *Viðverandi* | *M. stuðningi* | *Skráðir* | *Viðverandi* | *M. stuðningi* |
| | 4.204 | 3.825 | 1.119 | 4.186 | 3.800 | 1.140 |
| | | 91,0% | 29,3% | | 90,7% | 30,0% |

Þegar þessar tvær töflur eru bornar saman má sjá að það er betri þátttaka í prófunum í Garðaskóla en á landsvísu. Eins sést að færri nemendur eru með stuðningsúrræði í Garðaskóla en að meðaltali á landsvísu.

Stjórnendur Garðaskóla hafa áhyggjur af því að skipting enskuprófsins á tvo daga hafi valdið því að þátttaka 10. bekkinga í því var lægri en verið hefur undanfarin ár. Haustið 2015 tóku um 95% nemenda skólans samræmda

Skjal sótt af '0000000' dags: 25.03 2026

enskuprófið en í mars 2017 luku rétt rúmlega 90% nemenda í 10. bekk samræmda enskuprófið. Mjög góð þátttaka var þó í 9. bekk þar sem 97% nemenda Garðaskóla luku enskuprófinu.

## 3.3 Skipulag

Vorið 2017 tóku bæði 9. og 10. bekkur samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði. Prófin eru rafræn og þar sem tölvukostur skólans telur um 80 vélar var hvorum árgangi skipt í tvennt. Í 9. bekk eru 164 nemendur og í 10. bekk eru 163 nemendur. Því tóku fjórir prófhópar prófin í átta próflotum eins og sjá má hér að neðan. Níundi bekkur tók íslenskupróf og hálft enskupróf á þriðjudegi og hálft enskupróf og stærðfræðipróf á fimmtudegi og 10. bekkur tók íslenskupróf og hálft enskupróf á miðvikudegi og hálft enskupróf og stærðfræðipróf á föstudegi.




### 3.3.1 Námssmiðjur og hópar

Þá daga sem 9. og 10. bekkur voru ekki í prófi þessa viku var boðið upp á námssmiðjur fyrir þann árgang sem var ekki í prófi. 9. bekkur fékk einn smiðjudag, á miðvikudeginum og 10. bekkur fékk tvo smiðjudaga, á þriðjudag og föstudag.

Fagkennarar í íslensku, ensku, stærðfræði og íþróttum sáu um skipulag og framkvæmd smiðjanna.

Hvorum árgangi var skipt upp í fjóra smiðjuhópa. Í 9. bekk eru 7 bekkir í árgangi og því þurfti að skipta upp þremur bekkjum til að fá fjóra álíka stóra hópa. Í 10. bekk tóku 159 nemendur prófið. Fjórir nemendur þreyttu ekki samræmt próf og fylgdi þessi hópur sérstakri dagskrá þessa viku í umsjá tveggja þroskaþjálfa skólans.

**Hvorum árgangi er skipt í 4 hópa**




| HÓPUR | BEKKUR | | BEKKUR | | | | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | EE | 15 | RS | 26 | | | 41 |
| 2 | EE | 14 | RT | 28 | | | 42 |
| 3 | ES | 25 | SR-strákar | 13 | | | 38 |
| 4 | SÁ | 26 | SR-stelpur | 12 | | | 38 |
| 9 | SR | 2 | RT/RS | 2 | | | 4 |
| | | | | | | | 163 |




| HÓPUR | BEKKUR | | BEKKUR | | | | SAMTALS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | SSH/MT | 23 | KFS | 10 | KS | 8 | 41 |
| 6 | HÞS | 22 | GE | 20 | | | 42 |
| 7 | EHR | 24 | KS | 15 | | | 39 |
| 8 | IW | 25 | KFS | 17 | | | 42 |
| | | | | | | | 164 |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

## 3.3.2 Vikan hjá 10. bekk

Þar sem 10. bekkur hóf próftöku degi síðar en 9. bekkur voru uppbrotsdagarnir fjórir hjá þeim, eða frá þriðjudegi til föstudags. 10. bekkingar fengu því helmingi fleiri smiðjutíma en 9. bekkur, eða tvær smiðjur í íslensku, ensku, stærðfræði og fóru tvisvar í hreyfismiðju í íþróttahúsinu. Eins og sjá má var nemendum einnig raðað í smiðjur eftir hópum eins og hjá 9. bekk. Nemendur voru mjög fljótir að sjá hvert þeir áttu að fara, þar sem hver hópur var auðkenndur með númeri og ákveðnum lit.

Þegar kom að því að raða nemendum í prófstofur voru þeir áfram auðkenndir eftir lit. Nemendur voru því mjög fljótir að finna hvert þeir áttu að fara.

**HÓPUR 1**
**10. BEKKUR**
7.– 10. mars

Nafn og bekkur:

**HÓPUR 1**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Anton Máni Sæunnarson | 10. EE | Alexandra Sól Deaton | 10. RS | Marcel Julian Zakrewski | 10. RS |
| Arndís Björk Arnarsdóttir | 10. EE | Anna Sólveig Guðnadóttir | 10. RS | Nína María Guðnadóttir | 10. RS |
| Ásdís Eva Goldsworthy | 10. EE | Ari Steinn Kristjánsson | 10. RS | Oddný Þóra Konráðsdóttir | 10. RS |
| Benjamín Reynir Jóhannsson | 10. EE | Arnór Ingi Jónsson | 10. RS | Samúel Ingi Daníelsson | 10. RS |
| Birta Tryggvadóttir | 10. EE | Belinda Mist Svövudóttir | 10. RS | Sigursteinn Óli Þorsteinsson | 10. RS |
| Elvar Þór Sævarsson | 10. EE | Elísa Marie Guðjónsdóttir | 10. RS | Silja Sól Ornadóttir | 10. RS |
| Eyþór Arnarsson | 10. EE | Elvar Halldór Hróar Sigurðsson | 10. RS | Sædís Líf Gunnarsdóttir | 10. RS |
| Friðrik Ingi Ólafsson | 10. EE | Eyjólfur Andri Arason | 10. RS | Védís Halla Víðisdóttir | 10. RS |
| Helena Bryndís Hauksdóttir | 10. EE | Friðþóra Sigurjónsdóttir | 10. RS | Viktoría Jasonardóttir | 10. RS |
| Hildur Björg Jónsdóttir | 10. EE | Helena Steinþórsdóttir | 10. RS | Viktoría Ýr Charrua | 10. RS |
| Mía Luly Johansen | 10. EE | Helga María Sigurðardóttir | 10. RS | Þormóður Þormóðsson | 10. RS |
| Ólafur Dofri Guðvarðarson | 10. EE | Herdís Lilja Þórðardóttir | 10. RS | | |
| Páll Kári Róbertsson | 10. EE | Karen Arnarsdóttir | 10. RS | | |
| Snæfríður Tindsdóttir | 10. EE | Liv Benediktsdóttir | 10. RS | | |
| Vikldís Edwinsdóttir | 10. EE | Magnús Gunnar Gunnlaugsson | 10. RS | | |

**10. BEKKUR - SKIPULAG í PRÓFAVIKU**

ÞRIÐJUDAGUR 7. MARS

| SMIÐJA | | HÓPUR 1 | HÓPUR 2 | HÓPUR 3 | HÓPUR 4 |
|---|---|---|---|---|---|
| SMIÐJA | 8:20-9:10 | Íslenska A 301 og 302 | Hreyfistund fimleikasalur | Enska stofa 103 | Íslenska B 303 og 304 |
| | 9:30-10:20 | Íslenska B 303 og 304 | Íslenska A 301 og 302 | Hreyfistund stóri salur | Enska stofa 103 |
| | 10:30-11:20 | Enska stofa 103 | Íslenska B 303 og 304 | Íslenska A 301 og 302 | Hreyfistund stóri salur |
| | 11:45-12:40 | Hreyfistund stóri salur | Enska stofa 103 | Íslenska B 303 og 304 | Íslenska A 301 og 302 |

MIÐVIKUDAGUR 8. MARS

| ÍSLENSKA/ENSKA | |
|---|---|
| Próf frá 8:15-10:45 Hópar 1 og 2 | HÓPUR 1 |
| | HÓPUR 2 |
| Próf frá 12:00-14:30 Hópar 3 og 4 | HÓPUR 3 |
| | HÓPUR 4 |

* Matur hjá 10. bekk er frá 11:20-11:40 á smiðjudögum (þriðjudag og fimmtudag).
** Matur á prófdag. Nemendur í áskrift hjá Skólamat geta fengið sér að borða áður eða eftir þeir taka próf.
Matsala hefst 10:45 og lýkur kl. 12:00.

FIMMTUDAGUR 9. MARS

| SMIÐJA | | HÓPUR 1 | HÓPUR 2 | HÓPUR 3 | HÓPUR 4 |
|---|---|---|---|---|---|
| SMIÐJA | 8:20-9:10 | Stærðfræði A 301 og 302 | Hreyfistund stóri salur | Enska stofa 103 | Stærðfræði B 303 og 304 |
| | 9:30-10:20 | Stærðfræði B 303 og 304 | Stærðfræði A 301 og 302 | Hreyfistund stóri salur | Enska stofa 103 |
| | 10:30-11:20 | Enska stofa 103 | Stærðfræði B 303 og 304 | Stærðfræði A 301 og 302 | Hreyfistund fimleikasalur |
| | 11:45-12:40 | Hreyfistund stóri salur | Enska stofa 103 | Stærðfræði B 303 og 304 | Stærðfræði A 301 og 302 |

FÖSTUDAGUR 10. MARS

| ENSKA/STÆRÐFRÆÐI | |
|---|---|
| Próf frá 8:15-10:45 Hópar 3 og 4 | HÓPUR 3 |
| | HÓPUR 4 |
| Próf frá 12:00-14:30 Hópar 1 og 2 | HÓPUR 1 |
| | HÓPUR 2 |

* Matur hjá 10. bekk er frá 11:20-11:40 á smiðjudögum (þriðjudag og fimmtudag).
** Matur á prófdag. Nemendur í áskrift hjá Skólamat geta fengið sér að borða áður eða eftir þeir taka próf.
Matsala hefst 10:45 og lýkur kl. 12:00.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

### 3.3.3 Vikan hjá 9. bekk

Á myndinni hér að neðan má sjá skipulagið hjá 9. bekk í prófavikunni. Á mánudag og föstudag var hefðbundinn skóladagur samkvæmt stundaskrá. Uppbrotsdagar hjá 9. bekk voru því þrír, þriðjudagur, miðvikudagur og fimmtudagur.

**9. BEKKUR - SKIPULAG í PRÓFAVIKU**

| | ÍSLENSKA/ENSKA | ÞRIÐJUDAGUR 7. MARS | ENSKA/STÆRÐFRÆÐI | FIMMTUDAGUR 9. MARS | FÖSTUDAGUR 10. MARS |
|---|---|---|---|---|---|
| Samræmd próf | Próf frá 8:15-10:45 | HÓPUR 7 | Próf frá 8:15-10:45 | HÓPUR 5 | SKÓLI SAMKVÆMT STUNDASKRÁ |
| | | HÓPUR 8 | | HÓPUR 6 | |
| | Próf frá 12:00-14:30 | HÓPUR 5 | Próf frá 12:00-14:30 | HÓPUR 7 | |
| | | HÓPUR 6 | | HÓPUR 8 | |

| MIÐVIKUDAGUR 8. MARS | | HÓPUR 5 | HÓPUR 6 | HÓPUR 7 | HÓPUR 8 |
|---|---|---|---|---|---|
| SMIÐJA | 8:20-9:10 | Stærðfræði A 301 og 302 | Hreyfistund stóri salur | Enska | Stærðfræði B 303 og 304 |
| | 9:30-10:20 | Stærðfræði B 303 og 304 | Stærðfræði A 301 og 302 | Hreyfistund stóri salur | Enska |
| | 10:30-11:20 | Enska stofa 104 | Stærðfræði B 303 og 304 | Stærðfræði A 301 og 302 | Hreyfistund fimleikasalur |
| | 11:45-12:40 | Hreyfistund stóri salur | Enska | Stærðfræði B 303 og 304 | Stærðfræði A 301 og 302 |

* Matur hjá 9. bekk er frá 11:20-11:40 á miðvikudag
** Matur á prófdag. Nemendur í áskrift hjá Skólamat geta fengið sér að borða áður eða eftir þeir taka próf. Matsala hefst 10:45

Hér fyrir neðan má sjá sýnishorn af bæklingi fyrir 9. bekkinga. Allir nemendur fengu bæklinginn í hendurnar í umsjón á mánudag, þannig að allir voru með sína dagskrá á hreinu. Upplýsingar um hópana héngu einnig uppi á áberandi stað í matsölu nemenda.

9. bekkingar fóru í tvær stærðfræðismiðjur, eina enskusmiðju og eina hreyfismiðju og voru því í skólanum frá 8:20 – 12:40 á smiðjudeginum. Á prófdag komu nemendur einungis í próf og fóru svo heim á ný.



**9. bekkur hópur 6**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Agnar Bergur Sigurgeirsson | 9. GE | Andrea Eiríksdóttir | 9. HPS |
| Anna Karen Ágústsdóttir | 9. GE | Aron Elí Guðnason | 9. HPS |
| Anna Vigdís Magnúsdóttir | 9. GE | Árni Steinn Ásgeirsson | 9. HPS |
| Ársól Erla Árnadóttir | 9. GE | Ásmundur Goði Einarsson | 9. HPS |
| Hannes Aron Árnason | 9. GE | Birta Hlín Birgisdóttir | 9. HPS |
| Harpa Hinriksdóttir | 9. GE | Daníel Kári Jónsson | 9. HPS |
| Hera Hjálmarsdóttir | 9. GE | Gígja Hafsteinsdóttir | 9. HPS |
| Ingólfur Hreggviðsson | 9. GE | Gunnar Kristjánsson | 9. HPS |
| Jakob Matthíasson | 9. GE | Harpa Jóhannsdóttir | 9. HPS |
| Jón Elías Eyjólfsson | 9. GE | Jón Arnar Ólafsson | 9. HPS |
| Kormákur Snorrason | 9. GE | Karen Árdís Jakobsdóttir | 9. HPS |
| Laufey Sigurb. Sigurðardóttir | 9. GE | Karl Kristján Karlsson | 9. HPS |
| Lísa Bergdís Arnarsdóttir | 9. GE | Katrín Guðmundsdóttir | 9. HPS |
| Margrét Birna Ólafsdóttir | 9. GE | Magdalena Eva Micic | 9. HPS |
| Sigurður Jónsson | 9. GE | Magnús Helgi Lúðvíksson | 9. HPS |
| Snædís Brá Þorsteinsdóttir | 9. GE | Marinó Máni Mabazza | 9. HPS |
| Soffía Marja Gibson | 9. GE | Sóldís Eik Þorsteinsdóttir | 9. HPS |
| Sólveig Marý Einarsdóttir | 9. GE | Sólveig Sara Kristófersdóttir | 9. HPS |
| Týr Fáfnir Stefánsson | 9. GE | Svanur Fannberg Lýðsson | 9. HPS |
| Viktor Aron Ægisson | 9. GE | Sylvía Sara Ágústdóttir | 9. HPS |
| | | Ævar Kærnested | 9. HPS |
| | | Ögmundur Árni Sveinsson | 9. HPS |

**HÓPUR 6**
9. BEKKUR
7.- 9. mars



Nafn og bekkur:

# 9. BEKKUR

| ÞRIÐJUDAGUR 7. MARS | |
|---|---|
| ÍSLENSKU OG ENSKUPRÓF | |
| Próf frá 8:15-10:45 | HÓPUR 7 |
| | HÓPUR 8 |
| Próf frá 12:00-14:30 | HÓPUR 5 |
| | HÓPUR 6 |

| MIÐVIKUDAGUR 8. MARS | | |
|---|---|---|
| HÓPUR 6 | | |
| SMIÐJA | 8:20-9:10 | Hreyfistund stóri salur |
| | 9:30-10:20 | Stærðfræði A 301 og 302 |
| | 10:30-11:20 | Stærðfræði B 303 og 304 |
| | 11:45-12:40 | Enska |

| FIMMTUDAGUR 9. MARS | |
|---|---|
| STÆRÐFRÆÐI- OG ENSKUPRÓF | |
| Próf frá 8:15-10:45 | HÓPUR 5 |
| | HÓPUR 6 |
| Próf frá 12:00-14:30 | HÓPUR 7 |
| | HÓPUR 8 |

* Matur hjá 9. bekk er frá 11:20-11:40 á miðvikudag
** Matur á prófdag. Nemendur í áskrift hjá Skólamat geta fengið sér að borða áður eða eftir þeir taka próf. Matsala hefst 10:45
*** Föstudagurinn 10. mars er venjulegur skóladagur hjá 9. bekk.

Gangi ykkur vel !

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Á föstudag var kennsla samkvæmt stundaskrá hjá 9. bekk. Þar sem 10. bekkingar voru enn í prófi og 8. bekkingar voru með heimastofur frá þriðjudegi til föstudags, þurfti að koma þeim fyrir í á nýjum stað þennan dag.

9. bekkur 10. mars

| | Stofa 102 | Stofa 103 | Stofa 104 | Stofa 107 | Stofa 216 | stofa 217 | stofa 301 | stofa 302 | stofa 303 | stofa 304 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8:10-9:10 | | Stæ9024 H1 Elías | Nát9003 H2 Bettý | Leiklist 3002 H1 Lena | | Ísl9024 H5 Ragnhildur Th | Sam9002 H1 Hilmar | | Stæ944 H1 Kristinn | Stæ 9014 Elena |
| | | | | | | | | | | |
| 9:30-10:30 | Ísl9024-H1 Gísli/Kristín | Stæ námsver Elías | | Leiklist 3002 H1 Lena | | | Sam9002 H2 Hilmar | Stæ 9044 Ragga St | Stæ9024 H3 Kristinn | |
| | | | | | | | | | | |
| 10:40-11:20 | Dan 9032 H1 Erla Hrönn | Stæ9024 H2 Elías | Nát9003 H4 Bettý | | Ísl9024 H4 Kristján | | Ísl9014 Ragnhildur Th og Rúna | | | Íslenska Gísli/Ingimar |
| 11:20-11:40 | Matur hjá 9. bekk | | | | | | | | | |
| 11:45-12:15 | Nát9003 H6 Ragnh. Ásta | Danska Erla /Vigdís | | | | | | | | Ens9023 H4 Kristín Sigurðar |
| 12:15-12:45 | | | | | | | | Danska 9032 Kristjana | | |
| 12:45-13:15 | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| 13:20-14:20 | | Ísl9024 H3 Kristín S. (Gísli) | Nát9003 H3 Bettý | Leiklist 3002 H2 Lana | | | Enska og kvikm Sigríður Á | Stæ AEG/ Ragga St | | Ens9023 H5 Kristín Sigurðar |
| 14:40-15:20 | | | | Leiklist 3002 H2 Lana | | | | | | |

**Stofuskipulag hjá 9. bekk á föstudeginum**




Skipulagstafla kennara tók breytingum daglega

Smiðjur fóru fram í stofum 103, 301, 302, 303 og 304 auk




Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## 3.3.4 Vikan hjá 8. bekk

Ákveðið var að 8. bekkur yrði með heimastofur alla vikuna svo hægt væri að loka prófsvæðinu á annarri hæð skólans af þessa fjóra daga. Hver bekkur var því alltaf í sömu stofunni og fóru kennarar á milli bekkja nema í stærðfræði. Stærðfræðikennarar voru í tilteknum stofum, þar sem árgangnum er skipt upp í hópa í stærðfræði. Þetta fyrirkomulag gekk mjög vel og krakkarnir rötuðu á rétta staði oftast nær!




**HEIMASTOFUR OG PRÓFASTOFUR Á ANNARRI HÆÐ**

### 3.3.4.1 Skíða og brettaferð á þriðjudag

Þar sem veður var gott á þriðjudag var ákveðið að fara með 8. bekk á skíði í Bláfjöll. Ferðin var farin í samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund. Rúmlega 120 krakkar fóru í fjallið þennan dag. Sjö kennarar fóru með hópnum í fjallið. Aðrir nemendur voru í skólanum þennan dag og var þeim skipt upp í 2 hópa.

| Tími | Hópur 1 | HVER | HVAR | Hópur 2 | HVER | HVAR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 8:10-9:10 | íþróttir | EG/MT | ÍÞRÓTTAHÚS | íþróttir | EG/MT | ÍÞRÓTTAHÚS |
| 9:30-10:30 | textílmennt | GE | 106 | Myndmennt | IW | 108 |
| 10:40-11:40 | íslenska | RT | 216 | Samfélagsfræði | Hilmar | 215 |
| 11:40-12:10 | | MATUR | | | MATUR | |
| 12:15-13:15 | Myndmennt/ heimspeki | IW | 108 | Heimilisfræði | Hulda | 105 |
| 13:20-14:20 | Enska | SÁ | 216 | Danska | Rúna | 215 |

**SKIPULAG HJÁ NEMENDUM SEM FÓRU EKKI Í SKÍÐAFERÐ**

Í könnun sem gerð var meðal kennara eftir prófin kom fram að e.t.v. hefði mátt vera fjölbreyttari dagskrá þennan dag fyrir nemendur sem fóru ekki í fjallið.

Dæmi um hugmyndir:

- Þeir sem ekki fara í skíðaferð ættu að fá t.d. bæjarferð eða skautaferð.
- Já, annars konar dagskrá er flott lausn, td. bæjarferð með heimsókn á safn eða skautaferð.
- Eitthvað sem tengist útiveru, s.s. Búrfellsgjá, farið í gönguferð í Heiðmörk, hafa útidagskrá með leikjum, allt eftir veðri.
- Mögulega mætti finna spennandi þverfaglegt verkefni sem hægt væri að sýna jafnvel á göngum skólans að viku lokinni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

### 3.3.5 Vikan hjá hópi 9

Í hópi 9 voru fjórir nemendur sem ekki tóku samræmd próf auk eins nemanda í 8. bekk sem er með einstaklingsnámskrá. Nemendur voru í sínum hefðbundnu stofum á annarri hæð þessa viku og voru jafnframt þeir einu sem fengu að fara inn á prófasvæðið auk nemenda sem voru í prófi.

Karin og Vigdís þroskaþjálfar voru mjög ánægðar með vikuna. Þær lögðu mikla áherslu á félagsfærni og nýttu ýmis spil við námið í stærðfræði, íslensku og ensku. Nemendur voru flestir mjög glaðir og spenntir að koma í skólann þessa daga. Þeir sinntu náminu vel og auk þess náðu drengirnir í 10. bekk frábærum árangri félagslega. Eru þær Karin og Vigdís afar stoltar af því.

Það sem betur hefði mátt fara snéri að ferð í Sjóminjasafnið. Hópurinn hefði þurft leiðsögn því krakkarnir urðu fljótt eirðarlaus og misstu áhugann. Að mati Karinar fengu þau of lítið úr heimsókninni.

Í heildina eru Karin og Vigdís afar ánægðar og að þeirra mati hefur mikill sigur verið unnin á námsferli nemendanna með starfinu á prófadögum.

### 3.3.6 Vikan hjá starfsfólki

Sett var fram heildarskipulag vegna yfirsetu í prófum hjá 9.-10. bekk, kennslu í 8. bekk þessa fjóra daga, kennslu í 9. bekk á föstudeginum, afleysingu vegna smiðja og skíðaferðar á þriðjudeg. Skipulagið tók stöðugum breytingum á undirbúningstímanum og var reynt eftir fremsta megni að miða skipulagið við stundatöflur kennara. Stjórnendur sáu um afleysingar og gangavörslu ásamt skólaliðum. Sett var upp dagsskipulag fyrir hvern dag, þar sem tilgreint var hver sat yfir og í hvaða stofu.

<u>Það sem gekk vel:</u> Í könnun sem lögð var fyrir kennara eftir prófin kom fram að fólk var ánægt með skýrt skipulag, hóflegan yfirsetutíma í flestum tilfellum og gögnin sem það fór með inn í prófstofuna. Eins var ánægja með sveigjanleika samstarfsfólks og að allt hafi verið leyst sem kom upp. Einnig var ánægja með tölvumálin, sem voru vel undirbúin.

<u>Það sem má bæta:</u> Það hefði verið þægilegra að vera í sömu stofu þegar setið var yfir í tveimur samfeldum tímum í yfirsetu. Sumir virtust ekki fylgjast nægilega vel með að mæta í sína yfirsetu. Eins þarf að huga betur að pásum ef um er að ræða tveggja klst. yfirsetu, afleysingum fyrir klósettferðir og hvort/hvenær fagkennarar eru á ferðinni í prófunum. Starfsfólk hefði mátt vera sýnilegra á göngum, t.d. vegna klósettferða. Einn nefndi of knappan tíma milli umsjónar sem lauk 9.10 og yfirsetu sem hófst 9.20. Svo fannst fólki að það mætti hafa fleiri kennara til skiptanna og að það hefði mátt leysa kennara af sem sátu kannski yfir í 1:40 klst. Að lokum kom fram í athugasemdum beiðni um að hafa lengri tíma á milli yfirsetu og kennslustunda, ekki taka af kaffitímunum þar sem erfitt er að hlaupa á milli þegar kennarar eru í kennslu líka og þurfa jafnframt að undirbúa hana.

Á næstu síðu má sjá dæmi um dagskipulag fyrir hvern dag. Þá daga sem líka voru smiðjur þurfti stundum að leysa fagkennara af sem áttu að kenna í 8. bekk á sama tíma.

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

## 3.4 Tæknimál, tölvur og próftaka



Hildur Rúdólfsdóttir kennsluráðgjafi í Garðaskóla og Jónína Skaftadóttir hjá tölvudeild Garðabæjar höfðu yfirumsjón með að setja upp tölvubúnaðinn fyrir prófin. Kristian Guttesen yfirfór hljóðskrár í stofum 203 og 209, en nemendur sem þurftu lestrarstuðning tóku próf þar.

Jónína setti upp sérstakan veflás á allar tölvurnar. Allar nauðsynlegar leiðbeiningar var að finna á vef Menntamálastofnunar. https://mms.is/taeknilegar-upplysingar

Tekin var ákvörðun um að allir nemendur í Garðaskóla tækju prófin á borðtölvur og fartölvur. Það var gert til þess að gæta þess að samræmi væri í fyrirlögn milli nemenda skólans. Skólinn átti rúmlega 80 vélar (borðvélar og fartölvur) og voru auk þess fengnar 16 tölvur að láni frá Hofsstaðaskóla.



NEMENDUR 9. BEKKJAR Í UPPHAFI PRÓFS

Hildur og Jónína voru til taks í upphafi allra prófanna sem fór fram í 8 lotum.

Öllum nemendum bauðst að nota eyrnatappa til að hafa frið við próftökuna.

Verkefnastjóri sendi tölvupóst til allra nemenda (og forráðamanna þeirra) sem voru með lestrarstuðning í prófunum daginn fyrir fyrsta prófið og minnti þá á að þeir mættu koma með eigin heyrnatól.

Fjórir nemendur lentu í því á prófdag að það vantaði hljóðskrár í prófið þeirra. Þrír nemendur fengu nýjan prófkóða frá Menntamálastofnun eftir að hringt var í stofnunina. Einn nemandi ákvað að taka prófið án hljóðskrár.

Undirbúa þurfti sérstaklega stofu 201, þar sem nemendur í þeirri stofu nýttu þráðlaust net skólans. Jónína setti auka sendi inn í stofuna til þess að efla nettenginguna enn frekar. Fenginn var rafvirki til þess að leggja nýjan rafmagnskapal í stofuna svo hægt yrði að hafa allar fartölvurnar í sambandi.

PRÓFASTOFUR 2017

| Prófastofur: | Fjöldi í stofu (max): |
|---|---|
| 201 | 16 |
| 221 | 28 |
| 222 | 14 |
| 209 | 15 |
| 203 | 15 |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## 3.5 Framkvæmdaáætlun, verkþættir og tímaplan

| VERKÞÁTTUR | DAGS. | BÚIÐ | ÁBYRGÐ |
|---|---|---|---|
| Stöðufundur – skipað í teymi (verkefnastjóra) | janúar | ☒ | Skólastjóri |
| Ákveða prófstofur<br>Raða í stofur | janúar | ☒ | Teymi<br>Hildur |
| Hafa sambandi við Tölvudeild vegan Vefláss, vélbúnaðar o.fl. fá tengilið | janúar | ☒ | Teymi<br>Tölvudeild<br>Hildur |
| Sérnemendur: Senda heim tölvupóst vegna stuðningsúrræða | janúar | ☒ | Guðný |
| Smiðjur:  fundur með fagdeildum til að undirbúa smiðjur | febrúar | ☒ | Teymi + fagkennarar |
| Vetrarfrí | febrúar | ☐ | |
| Leiðbeiningar vegna yfirsetu til kennarar (sjá á mms.is)<br>Prófreglur til nemenda | febrúar | ☒ | Teymi |
| Raða í yfirsetu skv. stundatöflum kennara | febrúar | ☒ | Teymi |
| Undirbúningur tækja og prófstofa | febrúar | ☒ | Teymi<br>Tölvudeild<br>Hildur |
| Gengið frá prófstofum | mars | ☒ | Teymi<br>Tölvudeild<br>Hildur |
| Lokaskýrsla | April | ☒ | Verkefnastjóri<br>Skólastjóri |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

# 4. Niðurstöður samræmdra prófa í Garðaskóla

Niðurstöður samræmdra prófa bárust inn í skólagátt Garðaskóla þriðjudaginn 18. apríl 2017. Skólastjóra var sendur tölvupóstur með tilkynningu um birtinguna og hlutverk skólans var að prenta út vitnisburðarspjöld allra nemenda og dreifa til þeirra.

Skólanefnd Garðabæjar biður árlega um myndir sem sýna helstu niðurstöður prófanna í samanburði við landsmeðaltal. Vegna breyttrar framsetningar á gögnum Menntamálastofnunar var ekki mögulegt að setja upp alveg sömu myndir og sýndar hafa verið undanfarin ár. Í Garðaskóla söknum við þess sérstaklega að hafa ekki geta greint niðurstöður eftir undirþáttum hvers prófs.

Í köflum hér á eftir eru birtar helstu niðurstöður nemenda Garðaskóla á samræmdum prófum 2017. Upplýsingar um niðurstöður á landsvísu og úr kjördæmum eru fengnar af vef Menntamálastofnunar: http://skyrslur.mms.is/, sótt 16. september 2017. Fleiri myndir sem lýsa árangri nemenda má skoða í viðauka.

## 4.1 Heildaryfirlit um þátttöku og árangur nemenda

Árangur nemenda Garðaskóla enn betri en undanfarin ár miðað við landsmeðaltal í öllum greinum. Meðaltal Garðaskóla er hærra en meðaltal allra landshluta. Þátttaka nemenda skólans var mjög góð miðað við það sem almennt gerist í skólum landsins.

| Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60<br>9. bekkur vorið 2017 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Garðaskóli | Landið | Hlutfall milli GS og landið * | Þátttaka |
| **9. bekkur Íslenska** | 33 | 30 | + 10% | 95,7% |
| **9. bekkur Enska** | 34 | 30 | + 13,3% | 97% |
| **9. bekkur Stærðfræði** | 38 | 30 | + 26,7% | 97% |

* segir til um hvað normaldreifð einkunn Garðaskóla er mörgum % hærri/lægri en landsmeðaltals.

| Normaldreifðar einkunnir á kvarðanum 0-60<br>10. bekkur vorið 2017 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Garðaskóli | Landið | Hlutfall milli GS og landið * | Þátttaka |
| **10. bekkur Íslenska** | 34 | 30 | + 13,3% | 92,6% |
| **10. bekkur Enska** | 34 | 30 | + 13,3% | 90,2% |
| **10. bekkur Stærðfræði** | 37 | 30 | + 23,3% | 93,9% |

* segir til um hvað normaldreifð einkunn Garðaskóla er mörgum % hærri/lægri en landsmeðaltals.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## 4.2 Árangur á hverju námssviði og samanburður við landið

Einkunnir á samræmdum prófum eru gefnar í bókstöfum og raðast hátt hlutfall nemenda í þær einkunnir sem vísa til mikillar hæfni í faginu. Næsta mynd sýnir samanburð á því hvernig fjöldi nemenda Garðaskóla raðast á einkunnir á greinasviðunum þremur í samanburði við landið allt:







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## 4.3 Árangur nemenda greindur eftir kynjum

Í töflunum hér á eftir eru bókstafseinkunnir nemenda greindar eftir kynjum. Í 10. bekk ná stúlkurnar betri árangri en í 9. bekk er árangur kynjanna jafnari.







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026







## 4.4 Umræða um árangur nemenda Garðaskóla

Árangur nemenda Garðaskóla á samræmdum könnunarprófum hefur um árabil verið góður. Mjög hátt hlutfall nemenda tekur prófin og meðaleinkunn skólans hefur verið yfir landsmeðaltali á nánast öllum þáttum. Síðustu misseri hefur íslenskudeildin unnið að því að bæta árangur í ritun, sérstaklega meðal drengja. Ekki verður hægt að fylgjast með þróun í þeim málum á þessu ári vegna þess að ritunarþátturinn var felldur út úr bæði íslensku- og ensku prófinu.

Niðurstaða prófanna 2017 var að árangur nemenda skólans var vel yfir landsmeðaltali á öllum þremur námssviðunum. Meðaleinkunn skólans hækkaði í öllum þremur greinunum og verulega í stærðfræði. Nemendur Garðaskóla ná mestum árangri allra skóla á landinu í stærðfræði þetta árið.

Góðan árangur má m.a. þakka vel skipulagði starfi fagdeilda skólans og faglegri stjórn fagstjóra. Samband nemenda og kennara er gott og nemendur sinna námi sínu af miklum metnaði. Stuðningur forráðamanna og gott samstarf við skólann ber mark um að allir róa í sömu átt og það skilar góðu gengi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Vegna umfangsmikilla breytinga sem gerðar hafa verið á prófunum og námsmati náði umræða um tilgang þeirra, innihald og útlit hámarki á þessu skólaári. Gerð er grein fyrir þeirri umræðu í næsta kafla.

# 5. Umræða um framkvæmd og innihald prófanna

Í þessum kafla eru settar fram athugasemdir varðandi fyrirkomulag, framkvæmd og úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskóla og reglugerð nr. 173/2017 um sama mál. Athugasemdirnar varða eftirfarandi atriði:

- Innihald prófanna og tengsl þess við Aðalnámskrá grunnskóla
- Leiðbeinandi gildi prófanna
- Aðferðafræði við mat á prófunum og einkunnagjöf
- Samskipti Garðaskóla og Menntamálastofnunar

## 5.1 Innihald prófanna og tengsl þess við Aðalnámskrá og skólanámskrá

Bæði nemendur og kennarar upplifðu á skólaárinu að **mikil óvissa væri um innihald samræmdra könnunarprófa í mars 2017**. Upplifunin átti sér þrjár megin stoðir. Í fyrsta lagi var það staðreynd að örfáum dögum fyrir próftöku var birt ákvörðun um að ritunarþáttur yrði hvorki inni á íslensku- né enskuprófinu. Í öðru lagi var fyrirspurnum kennara og verkefnastjóra um innihald og uppbyggingu prófanna ekki svarað á þann hátt að það uppfyllti þarfir þeirra. Í þriðja lagi það álit nemenda og kennara Garðaskóla að efni prófanna hafi verið í litlu samræmi við það nám sem fram hefur farið í skólanum. Mörg atriði sem nemendur höfðu hæfni til voru ekki metin í prófunum. Í íslenskuprófinu átti þetta sérstaklega við um málfræðiatriði og ekki var heldur unnið með ljóð eða bragfræði. Í enskuprófinu reyndi heldur ekki mikið á málfræði að mati nemenda. Í stærðfræðiprófinu þótti nemendum og kennurum algebran í 10. bekkjar prófinu of auðveld og nemendum í 9. bekk fannst ósanngjarnt að í prófinu væru atriði sem þeir höfðu ekki kunnáttu í vegna þess að viðkomandi atriði eru skv. skólanámskrá kennd í 10. bekk.

Mikil óánægja var meðal kennara, nemenda og forráðamanna með að enskuprófinu væri skipt í tvennt og haldið sitt hvorn daginn. Vísbending er um það í Garðaskóla að fleiri nemendur hafi forfallast í prófinu vegna þessarar tvískiptingar en venja er í skólanum. Ef nemandi var veikur annan prófdaginn fékk hann ekki einkunn úr enskuprófi þótt hann tæki þann hluta sem haldinn var hinn daginn. Auk þess þótti nemendum óþægilegra að þurfa að undirbúa sig fyrir próf í sama faginu tvo ólíka daga. **Með ákvörðun sem birt var á vef MMS 7. júní 2017 um að þriðja prófdeginum í mars 2018 yrðu prófdagar þrír og enskuprófið haldið á einum þeirra er þetta vandamál leyst**.

Kennarar og nemendur í Garðaskóla furða sig á því að í bæði ensku- og íslenskuprófinu voru notaðar prófspurningar úr eldri samræmdum prófum (lítið eða óbreyttar) og jafnvel heilu lesskilningstextarnir. Þessi gögn liggja á vef MMS (https://mms.is/prof-og-svor-2013) og hafa m.a. verið nýtt til að undirbúa nemendur fyrir töku samræmdu könnunarprófanna. Slík vinnubrögð eru þó eflaust ekki nýtt í öllum skólum og því er **hætta á að nemendum hafi verið mismunað**, sumir hafi verið búnir að lesa þá texta og prófspurningar sem birtust á prófunum í mars 2017 en aðrir ekki.

Innihald ensku- og íslenskuprófanna var rýrt umtalsvert með þeirri ákvörðun að taka ritunarþáttinn út úr samræmdu prófunum. Fyrir hönd kennara sendi skólastjóri Garðaskóla þann 24. febrúar 2017 erindi um



Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

þetta mál í umsagnarferli áður en ákvörðun var kynnt um að ritunarþátturinn yrði tekinn úr prófunum. Erindið var sent með tölvupósti til Gunnhildar Steinarsdóttur og í því segir:

> Það er mjög bagalegt hversu seint umræða um breytingu á innihaldi samræmdra könnunarprófa er á ferðinni. Kall eftir athugasemdum og ábendingum barst innan við mánuði áður en prófin eiga að fara fram. Á þeim tímapunkti höfðu starfsmenn skólans heyrt það á kynningarfundum Menntamálastofnunar (MMS) að yfirgnæfandi líkur væru á því að ritun yrði ekki hluti af prófunum. Það er ekki traustvekjandi að verið sé að taka ákvarðanir um innihald samræmdra könnunarprófa rétt áður en prófin fara fram. Nauðsynlegt er að það liggi fyrir með löngum fyrirvara hvernig framkvæmd prófanna verður háttað og hvaða hæfniviðmið verða lögð til grundvallar í þeim. Það er í mörg horn að líta þegar nemendur eru undirbúnir fyrir prófin og óþolandi að geta ekki gefið þeim skýr skilaboð í aðdragandanum.
>
> **Að mati fagkennara og stjórnenda Garðaskóla á ritun að vera hluti af samræmdu könnunarprófi í ensku og íslensku**. Helstu rökin fyrir því að prófa ritun sérstaklega eru þau að ritun prófar virka málnotkun, tilfinningu fyrir textauppbyggingu og flæði sem og virkan orðaforða (þ.e. þann orðaforði sem nemandinn notar bæði í rituðu og töluðu máli). Það að prófa „virka málnotkun“ er ekki síður mikilvægt í ljósi þess að ekki er prófuð munnleg færni í tungumálinu. Í ritunarþættinum (þ.e. ef hann er almennilega saminn) kemur fram ákveðin málleikni sem reynir á m.a. skapandi notkun tungumálsins. Samræmd könnunarpróf mæla nú þegar of takmarkaða hæfni nemenda miðað við það sem grunnskólar eiga að vinna að skv. Aðalnámskrá. Það dregur of mikið úr tilgangi prófanna að taka þennan mikilvæga þátt út úr þeim.
>
> Ef ástæða þess að umræða um hvort ritun eigi að vera inni séu tæknilegir örðugleikar þá gerum við alvarlegar athugasemdir við það. Það er MMS sem ákvað að prófin skyldu gerð rafrænt og setti upp tímasetningar um innleiðingu þeirrar breytingar. Stofnunin ber ábyrgð á því að sjá fyrir, og koma í veg fyrir, vandamál.
>
> **Ef verið er að skoða hvort ritun geti verið hluti af Lesferli MMS er nauðsynlegt að staldra við**. Vinna við framkvæmd og yfirferð Lesferils fer fram í hverjum grunnskóla og er kostuð af sveitarfélögum. Er verið að færa þetta verkefni frá ríki til sveitarfélaga? Hefur verið samið við kennara um að taka að sér þessa vinnu í stað verkefna sem þeir hafa unnið samhliða kennslu hingað til?
>
> Vinna við yfirferð ritunarverkefna er flókin og nauðsynlegt er að spyrja hvort hægt væri að tala um samræmt mat á hæfni nemenda í ritun ef kennarar í hverjum skóla færu yfir verkefnin án samráðs við hver aðra.

Stjórnendur og kennarar Garðaskóla taka heilshugar undir eftirfarandi klausu úr grein kennara í Hagaskóla sem birt ar á visir.is þann 8. mars 2017:

> Það er ýmislegt á huldu varðandi samræmdu prófin en þó er á hreinu að krossaprófið sem 9. bekkingar tóku í vor kemur alls ekki til með að sýna hæfni þeirra [í] íslensku í samræmi við það hvernig fagið, námsmat og kennsluaðferðir eru kynntar í aðalnámskrá grunnskóla, grundvallarriti allra þeirra sem starfa í eða í tengslum við grunnskóla og á að vera leiðarvísir í okkar starfi. Þetta einhæfa námsmat sýnir eingöngu hversu vel nemendur stóðu sig í lesskilningi, málfræði og málnotkun í prófi sem þeir áttu erfitt með að undirbúa sig fyrir og vissu nánast ekkert um innihald þess.
>
> (sótt 30. mars 2017 á http://www.visir.is/um-samraemt-islenskuprof-i-9.-bekk/article/2017170308991)

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

Eins og kennarar Hagaskóla færa rök fyrir þá er verulegt ósamræmi milli Aðalnámskrár og þeirrar hæfni sem samræmd könnunarpróf meta. Það er mat okkar í Garðaskóla að þetta ósamræmi sé orðið svo mikið að alltof lítið standi eftir til að réttlæta að allir grunnskólanemendur séu skikkaðir í samræmda prófið. Samræmd könnunarpróf í íslensku og ensku segja svo lítið að þau bæta engu við það sem vitað er um stöðu nemenda úti í grunnskólunum sjálfum. Kennurum finnst að einhverju leyti gagnlegt að skoða raðeinkunnir nemenda til að fá upplýsingar um stöðu þeirra en telja hæfnieinkunnirnar á skjön við námskrá. Stærðfræðikennarar hafa t.d. miklar áhyggjur af því að nemendur með raðeinkunn í kringum 40 fái hæfnieinkunnina B. Þótt þessar einkunnir fjalli um gjörólíka hluti þá er samt **ástæða til að fara ofan í kjölinn á þessum áhyggjum fagkennaranna**.

Áhyggjur kennara af innihaldi og einkunnagjöf samræmdra könnunarprófa vekja upp spurningar um stöðu prófanna á mörkum grunn- og framhaldsskóla. Skólastjóri Garðaskóla tekur undir þessar áhyggjur og bendir á að þær eru í samræmi við erindi sem fulltrúar foreldrasamtaka komu á framfæri við Mennta- og menningarmálaráðuneyti í bréfi dagsettu 24. apríl 2017. Þar er m.a. bent á að skv. reglugerð nr. 1199/2016 um breytingu á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla nr. 1150/2008 megi framhaldsskólar biðja umsækjendur um að skila inn niðurstöðum samræmdra prófa. Framhaldsskólinn getur þá nýtt þessi gögn til að velja á milli nemenda sem sækja um skólavist. Með þessu er samræmdu prófunum gefið aukið vægi á skilum grunn- og framhaldsskóla. Samtök foreldra benda á í sama erindi að með breytingu á Aðalnámskrá sem kynnt var á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 11. janúar 2017 er skólastjórum gefin heimild til að samþykkja umsóknir nemenda um útskrift að loknum 9. bekk svo fremi þeir hafi náð A eða B einkunn á samræmdu prófunum. Reglugerðarbreytingin byggir á þeirri forsendu að samræmd könnunarpróf séu byggð upp á hæfnikröfum 10. bekkjar, en sú er ekki raunin. Prófin sem lögð voru fyrir 9. bekk í mars 2017 mældu aðeins hluta þess sem lagt var fyrir nemendur í 10. bekk. Þarna birtist því alvarlegt misræmi milli reglugerða og framkvæmdar. **Skólastjóri Garðaskóla hefur miklar áhyggjur af þessu misræmi sem veldur óróleika í skólasamfélaginu og opnar fyrir ólíkar túlkanir og útfærslur og þar með mismunum milli þeirra nemenda sem eru að færa sig úr grunnskólanum yfir á næsta skólastig. Nauðsynlegt er að ráðuneyti og Menntamálstofnun taki þetta mál til alvarlegrar skoðunar og leysi það**.

Auk þess hversu fáa hæfniþætti samræmdu könnunarprófin meta þá eru spurningar fáar og þannig upp settar að þeim er fljótsvarað. Nemendur luku við próf sín í ár á mun styttri tíma en áður hefur sést og nauðsynlegt er að bregðast við því. **Það er ekki réttlætanlegt að skólar skipuleggi tveggja og hálfs tíma próf sem nemendur ná að leysa þokkalega á 30 mínútum**.

**Nemendur í Garðaskóla óska eftir því að fá gátlista** yfir þau atriði sem prófað er úr á samræmdum könnunarprófum. Nemendur eru vanir slíku í undirbúningi fyrir próf innan skólans og er lögð áhersla á að vinna með gátlista sé góð námstækni.

**Kennarar og stjórnendur Garðaskóla óska eftir því að Menntamálastofnun (MMS) sendi skólum skýrari upplýsingar um innihald samræmdra prófa í framtíðinni**. Upplýsingar um áherslur og hæfniþætti sem prófað yrði úr í 9. bekk hefðu þurft að liggja fyrir **eigi síðar en í byrjun skólaárs**. Sama á við að nokkru leyti um 10. bekkinn þegar um verulegar breytingar er að ræða, s.s. að sleppa ritun, bragfræði og ljóðum í íslenskuprófinu. Í ár höfðu kennarar þar af leiðandi ekki þá yfirsýn eða upplýsingar um innihald samræmdu prófanna sem þeir töldu nauðsynlega og gátu því ekki svarað spurningum nemenda þeirra og foreldra með skýrum hætti. Allir aðilar vita að breytingar á prófunum eiga sér stað um þessar mundir, en óskýr og loðin svör frá MMS sköpuðu óvissu hjá nemendum og kennurum sem hægt hefði verið að koma í veg fyrir með betri upplýsingagjöf.

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

## 5.2 Leiðbeinandi gildi prófanna

Tilgangur samræmdra prófa skv. Aðalnámskrá grunnskóla (2016) er að „mæla hvort markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum, starfsmönnum skóla og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu“ (bls. 57). Niðurstöður prófanna gefa nemendum og forráðamönnum vísbendingu um hversu vel nemandinn hefur náð þeim viðmiðum sem starfið í skólanum stefnir að og hversu vel nemandinn stendur í náminu miðað við jafnaldra sína.

Samkvæmt 3. grein reglugerðar um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla nr. 173/2017 eiga prófin að „vera leiðbeinandi um áherslur í námi einstakra nemenda.“ Prófin eiga einnig að „veita nemendum, foreldrum, skólum […] upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda.“ Niðurstöður prófanna á að nýta til að skipuleggja það nám sem fer fram í grunnskólum í kjölfar þess að niðurstöður eru birtar.

Við birtingu niðurstaðna samræmdra könnunarprófa í apríl 2017 varð kennurum og skólastjórnendum fljótlega ljóst að **ekki væri hægt að nýta niðurstöðurnar í leiðbeinandi námsmati og við skipulag áframhaldandi náms**. Kennarar sáu aðeins dæmi um verkefni af prófunum, raunveruleg prófgögn fengu þeir ekki í hendur. Það er útilokað fyrir grunnskólakennara að leiðbeina nemendum í kjölfar prófanna ef þeir hafa hvorki skýr viðmið um innihald þeirra, gátlista né innsýn í prófverkefnin sjálf. Kennarar sáu heldur ekki hvernig nemendur þeirra svöruðu spurningum, bara hvort svörin voru rétt eða röng. Þessi vinnubrögð Menntamálastofnunar við birtingu niðurstaðna eru í samræmi við sömu reglugerð nr. 173/2017 og vísað var til hér að ofan því í 10. grein segir: „Menntamálastofnun er ekki skylt að birta prófatriði samræmdra könnunarprófa hverju sinni enda séu þau endurnýtt við að þróa prófabanka fyrir einstaklingsmiðuð samræmd könnunarpróf.“ Það er álit kennara og stjórnenda Garðaskóla að **þetta ákvæði útiloki að prófin hafi leiðbeinandi gildi.** Við leiðsagnarmat er nauðsynlegt að horfa á svör nemenda í því samhengi sem þau eru unnin og með raunverulega vinnu sýnilega þeim sem vilja skilja stöðu nemandans í náminu.

**Kennarar Garðaskóla óska eftir því að fá aðgang að þeim prófum sem nemendur taka**. Slíkt aðgengi er nauðsynlegt til að geta séð hvaða hæfni er prófuð og hvernig. Til að kennarar geti brugðist við niðurstöðunum og leiðbeint nemendum um næstu skref í náminu er nauðsynlegt að þeir hafi skýra innsýn í efni samræmda prófsins. Þessi ósk er hér með sett fram þrátt fyrir að stjórnendur og kennarar skólans viti að hún er á skjön við ákvæði í reglugerð nr. 173/2017.

## 5.3 Aðferðafræði við mat á prófunum og einkunnagjöf

Fagstjóri í ensku og skólastjóri Garðaskóla hafa báðir tekið þátt í teymisvinnu Menntamálastofnunar til að setja niður viðmið fyrir einkunnagjöf á samræmdum könnunarprófum. Það er mikið áhyggjuefni að fagmenn í skólunum skilja ekki vel þá aðferðafræði sem nú er viðhöfð við framkvæmd námsmats á samræmdum könnunarprófum. Meðal spurninga sem þeir spyrja, en hafa ekki fengið svör við frá MMS, eru t.d.: Hvernig veraða viðmiðalínur sem settar eru niður fyrir ákveðnar einkunnar nýttar?; Hvað þarf nemandi að vera með mörg atriði undir eða yfir viðmiði til að það gildi?; Hvernig verða öfgar afgreiddar, t.d. allt rangt undir B viðmiðinu en allt rétt yfir A viðmiðinu?

Það samræmist ekki faglegri sýn stjórnenda Garðaskóla á námsmat að raunveruleg svörun nemenda á prófi hreyfi við matsviðmiðunum. Teymisvinnan hjá Menntamálastofnun gekk þó út á að draga línur fyrir einkunnir í bunka þar sem svörum nemanda var raðað frá þeirri spurningu sem flestir svöruðu rétt til þeirrar sem flestir svöruðu rangt. Kennsla gengur út á að setja skýr viðmið, skilgreina raunhæfar leiðir að þeim og meta í kjölfarið hvernig hefur tekist til. Ef mat kemur illa út er kennslan aðlöguð í kjölfarið - matið



Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

sjálft er ekki aðlagað. Ef matið virðist kolgallað, t.d. allir sem taka próf fá falleinkunn, þá er það stundum afskrifað. En það eina sem hægt er að gera er að fara tilbaka og kenna betur og hanna betra matstæki fyrir næstu atrennu, þú lagar ekki matstæki eftirá þótt nemendum gangi illa á prófinu. Verkefnið sem teymi kennara, stjórnenda og annarra sérfræðinga fengu í vinnunni hjá Menntamálastofnun virtist þó vera þetta, að skilgreina línur einkunna út frá svörum nemenda, óháð því hvaða hæfni verið var að prófa í ólíkum dæmum. Grunnskólar vinna eftir námskrá sem er gefin út með föstum matsviðmiðum við lok grunnskóla. Skólayfirvöld hafa ekki gefið út önnur matsviðmið, t.d. fyrir aðra árganga eða áfangamat. Það er algjörlega á skjön við þau skilaboð sem kennarar hafa fengið um notkun matsviðmiða hingað til að færa til atriði milli þeirra vegna þess að niðurstöður nemenda á prófum raða fjölda réttra og rangra svara á ákveðinn hátt. **Afar mikilvægt er að matssérfræðingar MMS taki upp skýrara samtal við kennara og stjórnendur í grunnskólum til að fræða um þau vinnubrögð sem þeir viðhafa**. Það er ekki nóg að starfsmenn skóla hafi átt aðild að vinnunni með Menntamálastofnun ef þeir fara heim í skólana sína með ósvaraðar spurningar sem þróast síðan yfir í tortryggni og vantraust.

## 5.4 Samskipti Garðaskóla og Menntamálastofnunar

Óvissa um innihald samræmdu könnunarprófanna olli pirringi meðal kennara og neikvæðni í garð MMS. Kennarar og verkefnastjóri í Garðaskóla höfðu ítrekað samband við starfsfólk MMS haustið 2016 og í upphafi árs 2017 til að biðja um upplýsingar um innihald og uppsetningu prófanna. Við þessum fyrirspurnum fengust ekki fullnægjandi svör. Þegar niðurstöður birtust og kennurum varð endanlega ljóst að þeir fengju hvorki að sjá spurningarnar sem nemendur glímdu við, skilgreiningu á því hvaða hæfniþætti verið væri að prófa eða hvernig þeir væru metnir, eða raunveruleg svör nemenda þá féllust þeim hreinlega hendur. Kennarar og stjórnendur Garðaskóla stóðu frammi fyrir því verkefni að útskýra fyrir nemendum og forráðamönnum að þeir gætu ekki skoðað prófin sem nemendur tóku. Sú birtingarmynd sem var til sýnis vorið 2017 var öllum aðilum (kennurum, nemendum og foreldrum) lítt skiljanleg.

Neikvæð viðhorf starfsmanna Garðaskóla til vinnubragða MMS við innleiðingu rafrænna könnunarprófa má rekja til samvinnu um rafrænt enskupróf í 10. bekk haustið 2015. Við undirbúning þess prófs þurftu starfsmenn skólans ítrekað að ýta á eftir upplýsingum, breyta uppsetningu tölva og öðru í fyrirkomulagi prófanna. Sein og óskýr skilaboð frá MMS ollu því að starfsmenn Garðaskóla og tölvudeildar Garðabæjar þurftu að vera í kvöld- og helgarvinnu síðustu dagana fyrir prófið. Skólastjóri Garðaskóla lagði í framhaldinu áherslu á að starfsmenn skólans yrðu að leggja sitt af mörkum í þróun rafrænu prófanna. Vegna neikvæðrar umræðu í hópi nemenda og forráðamanna við upphaf samræmdu prófanna í mars 2017 birti skólastjóri grein á vef skólans þar sem áhersla var lögð á að framkvæmd prófanna gengi vel. Greinin var líka send beint heim til allra forráðamanna. Í greininni fjallar skólastjóri einnig um takmarkaðar forsendur starfsmanna skólans til að svara þeim fyrirspurnum sem fyrir lágu hjá kennurum, nemendum og forráðamönnum.

Afstaða starfsmanna Garðaskóla til þróunar mála í samskiptum skólans við matssvið MMS kristallaðist í vantraust yfirlýsingu sem skólastjóri sendi frá sér 27. apríl 2017. Yfirlýsingin var send í tölvupósti til MMS og Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Auk þess birti skólastjóri hana á Facebook síðunni „Innleiðing rafrænna könnunarprófa“ og sem opna færslu á persónulegri Facebook síðu sinni. Yfirlýsingin er svohljóðandi:

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

Sæl

Ég lýsi vantrausti á Menntamálastofnun vegna framkvæmdar samræmdra könnunarprófa í 9. og 10. bekk vorið 2017.
Helstu ástæður þessa eru eftirfarandi:

- Stofnunin vinnur ekki í eðlilegu samstarfi við grunnskóla.
- Stofnunin hefur gert of mörg mistök við undirbúning prófanna og birtingu niðurstaðna, og sýnt vandræðagang við úrvinnslu á þessum mistökum.
- Stofnunin setur starfsfólk grunnskóla í þá óþolandi stöðu að eiga að útskýra niðurstöður samræmdra könnunarprófa þegar birtingarmynd niðurstaðnanna er ýmist röng eða óskiljanleg. Einnig hafa skólar þurft að svara fyrir seinagang stofnunarinnar við undirbúning samræmdra könnunarprófa.
- Stofnunin vinnur samræmd könnunarpróf ekki í samræmi við þá Aðalnámskrá sem grunnskólar starfa eftir. Prófið er ekki samið þannig að það sé hæfnimiðað og niðurstöður eru ekki birtar þannig að þær hafi leiðbeinandi gildi fyrir nemendur og starfsfólk skóla.

Staða mála er sú að nemendur, forráðamenn og starfsfólk skóla hafa misst allt traust til prófanna og telja þau ekki marktæk til að meta stöðu nemenda í námi sínu. Þessi staða er grafalvarleg og mikilvægt að ráðuneyti og stjórnendur stofnunarinnar bregðist strax við.

Virðingarfyllst,
Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla

Sviðsstjóri matssviðs MMS svaraði yfirlýsingunni stuttlega á Facebook vefnum. Forstjóri MMS vísaði gagnrýninni að nokkru á bug þar sem hún væri ekki ítarlega rökstudd í frétt Morgunblaðsins um málið 2. maí 2017 (bls. 2). Skólastjóri lítur svo á að ítarlegri rök fyrir því sem fram kemur í yfirlýsingunni komi fram í þeirri skýrslu sem hér birtist.

Kennarar og stjórnendur Garðaskóla vita að umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á námskrá, allri umgjörð sammræmdu könnunarprófanna og að slíkur breytingaferill tekur tíma. En **alvarleg athugasemd er gerð við að starfsfólk MMS hafi ekki alltaf verið í stakk búið að útskýra nýtt fyrirkomulag fyrir starfsfólki skólans**. Að mati stjórnenda Garðaskóla er ekki við einstaka starfsmenn að sakast því ljóst hefur verið að þá skorti oft upplýsingar til að geta svarað þeim praktísku atriðum sem upp komu á vettvangi skólans þegar verkþættir voru komnir þangað. Sein, óskýr og loðin svör frá stofnuninni sköpuðu óvissu hjá kennurum, nemendum og forráðamönnum. Slík staða ýtir undir óánægju og pirring sem ljóst er að starfsmenn MMS hafa þurft að hlusta á í vetur sem leið. Með skýrari innleiðingarferlum og betri upplýsingagjöf af hálfu stofnunarinnar hefði verið hægt að koma í veg fyrir óánægju á vettvangi grunnskólans og tryggja betra samstarf um það mikilvæga verkefni sem samræmdu könnunarprófin eru.

Dæmi um vel heppnuð samskipti milli skóla og MMS má víða finna. Könnun sem MMS gerði í skólum vorið 2016 um tækjakost í skólunum var t.d. mjög mikilvægt skref og opnaði áríðandi samtal milli þessara aðila. Samantekt á framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk sem nálgast má á vef MMS (https://mms.is/frettir/rafraen-samraemd-konnunarprof-fyrsti-afangi) er annað dæmi um vel heppnaða upplýsingagjöf frá MMS. Eftir lestur þeirrar samantektar má spyrja af hverju könnun um framkvæmd prófanna hafi ekki verið gerð í skólunum eftir prófin í 9. og 10. bekk eins og gert var eftir prófin í 4. og 7. bekk – þá lægju ef til vill fyrir svör við einhverjum af þeim atriðum sem spurt er um í þessari skýrslu.

Það er ekki ætlun starfsmanna Garðaskóla að kvarta í tilgangsleysi yfir samskiptavanda við MMS. En það er afleitt að fá þau svör við slíkri kvörtun að MMS hafi vissulega gert ýmislegt vel í þessum efnum. Slík svör má t.d. lesa í Ársriti MMS þar forstjóri vísar til þess í inngangi að gagnrýni á stofnunina hafi á stundum



Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

verið ómálefnaleg. Í Ársritinu segir líka: „ Við undirbúning prófanna var haft samráð við fjölmarga hópa og aðila innan skólasamfélagsins. Haldnir voru 20 kynningar- og samráðsfundir víða um land auk fjarfunda. Gerð voru myndbönd þar sem framkvæmd og niðurstöður voru skýrðar auk kynningarbréfa og tölvupósta. Birtar voru skýringar og lýsingar á prófunum á heimasíðu Menntamálastofnunar og Facebook-síðunni *Innleiðing rafrænna prófa*. Að auki var framkvæmdahópur samræmdra könnunarprófa með tengilið í hverjum skóla.“ (https://mms.is/frettir/arsrit-menntamalastofnunar) Allt voru þetta nauðsynlegir verkþættir og byggja undir góðan upplýsingagrunn til framtíðar. **En þessir miðlar dugðu ekki til að veita kennurum og stjórnendum í Garðaskóla fullnægjandi svör við spurningum þeirra. Flestar af þeim spurningum sem ennþá er ósvarað varða tengsl samræmdra könnunarprófa við Aðalnámskrá og hlutverk þeirra í leiðbeinandi námsmati**. Þessar spurningar spretta af faglegri kunnáttu og innsýn kennara. Mjög mikilvægt er að kennarar og skólastjórnendur finni að starfsmenn MMS séu í faglegu samtali við þá.

Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn Garðaskóla eru stoltir af frábærum árangri nemenda skólans á samræmdum könnunarprófum. Skólinn leggur áherslu á mikilvægi prófanna og er tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að þau þróist á uppbyggilegan hátt og haldi stöðu sinni sem mikilvægt leiðbeiningartæki í námsframvindu grunnskólabarna á Íslandi og skólahaldi almennt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

# Viðauki: Tölfræði um niðurstöður prófanna

Ásta Sölvadóttir, verkefnastjóri og Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði drógu helstu niðurstöður saman í myndrit sem sýna m.a.

- Dreifingu einkunna og samanburð milli Garðaskóla og allra landssvæða.
- Fjölda nemenda með hverja einkunn í hverju fagi.
- Niðurstöður innan hverrar faggreinar: ensku, íslensku og stærðfræði.

## Dreifing einkunna í Garðaskóla







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## Samanburður milli Garðaskóla og kjördæma landsins







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## Fjöldi nemenda með hverja einkunn

**10. bekkur**

| | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stærðfræði | 71 | 24 | 36 | 6 | 11 | 5 | **153** |
| Íslenska | 26 | 33 | 44 | 13 | 30 | 5 | **151** |
| Enska | 23 | 31 | 52 | 10 | 26 | 5 | **147** |

**9. bekkur**

| | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stærðfræði | 61 | 25 | 36 | 12 | 23 | 2 | **159** |
| Íslenska | 19 | 24 | 51 | 24 | 35 | 4 | **157** |
| Enska | 18 | 26 | 72 | 9 | 32 | 2 | **159** |

## Prósentur nemenda á bak við hverja einkunn

**10. bekkur**

| | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stærðfræði | 46% | 16% | 24% | 4% | 7% | 3% | **100%** |
| Íslenska | 17% | 22% | 29% | 9% | 20% | 3% | **100%** |
| Enska | 16% | 21% | 35% | 7% | 18% | 3% | **100%** |

**9. bekkur**

| | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stærðfræði | 38% | 16% | 23% | 8% | 14% | 1% | **100%** |
| Íslenska | 12% | 15% | 32% | 15% | 22% | 3% | **100%** |
| Enska | 11% | 16% | 45% | 6% | 20% | 1% | **100%** |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

## Stærðfræði – fleiri myndir

**Stærðfræði**

| Nemendur | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9. bekkur | 61 | 25 | 36 | 12 | 23 | 2 | 159 |
| 10. bekkur | 71 | 24 | 36 | 6 | 11 | 5 | 153 |

**10. bekkur - stærðfræði**

| Einkunn | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stærðfræði | 46% | 16% | 24% | 4% | 7% | 3% | 100% |







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026




**9. bekkur stærðfræði**

| Einkunn | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stærðfræði | 38% | 16% | 23% | 8% | 14% | 1% | 100% |




Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## Íslenska – fleiri myndir

**Íslenska**

| Nemendur | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9. bekkur | 19 | 24 | 51 | 24 | 35 | 4 | 157 |
| 10. bekkur | 26 | 33 | 44 | 13 | 30 | 5 | 151 |

**10. bekkur íslenska:**

| | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íslenska | 17% | 22% | 29% | 9% | 20% | 3% | 100% |







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026




**9. bekkur íslenska**

| | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íslenska | 12% | 15% | 32% | 15% | 22% | 3% | 100% |




Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

## Enska – fleiri myndir

Enska

| Nemendur | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9. bekkur | 18 | 26 | 72 | 9 | 32 | 2 | 159 |
| 10. bekkur | 23 | 31 | 52 | 10 | 26 | 5 | 147 |

**10. bekkur enska**

| | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Enska | 16% | 21% | 35% | 7% | 18% | 3% | 100% |







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026




**9. bekkur enska**

| | A | B+ | B | C+ | C | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Enska | 11% | 16% | 45% | 6% | 20% | 1% | 100% |




Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026







Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026